

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, íbúðarsvæði í landi Egilsstaða II, Fljótsdalshéraði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 13. apríl 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að heimilt er að byggja íbúðarhús á tveimur lóðum innan jarðarinnar Egilsstaða II, ofan Kollvíkur í Lagarfljóti.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. apríl 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*